

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra fimmtudaginn 28. janúar 2010 í máli

nr. E-534/2008:

Straumur-Burðarás fjárfestingabanki hf.

(Gísli Guðni Hall hrl.)

gegn

BOM fjárfestingum ehf. og

Magnúsi Þorsteinssyni

(Benedikt Ólafsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 4. desember 2009, hefur Straumur-Burðarás fjárfestingabanki hf., kt. 000000-0000, Borgartúni 25, Reykjavík, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, birtri 27. og 30. september 2008, á hendur BOM fjárfestingum ehf., kt. 000000-0000, Austursíðu 2, Akureyri, og Magnúsi Þorsteinssyni, kt. 000000-0000, Hafnarstræti 20, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru að stefndi BOM fjárfestingar ehf. verði dæmdur til að greiða kr. 1.537.030.492 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38, 2001 frá 2. september 2008 til greiðsludags, þar af óskipt (in solidum) með stefnda Magnúsi Þorsteinssyni kr. 930.000.000 ásamt 20% vöxtum frá 10. janúar 2008 til 11. september 2008 og dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38, 2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Stefnandi krefst jafnframt málskostnaðar úr hendi stefndu.

Stefndi Magnús Þorsteinsson krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara að stefnukrafan verði lækkuð stórlega. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Af hálfu stefnda BOM fjárfestinga ehf. var sótt þing við þingfestingu málsins þann 2. október 2008, en stefna hafði verið birt síðasta skráða stjórnarmanni félagsins, Baldri Guðnasyni, samkvæmt 4. mgr. 17. gr. laga nr. 91, 1991 um meðferð einkamála, sbr. 3. mgr. 40. gr. laga nr. 138, 1994 um einkahlutafélög. Á dómþingi þann 13. nóvember sama ár var því lýst yfir af lögmanni hins stefnda félags að ekki yrði haldið uppi vörnum og féll þingsókn í framhaldi af því niður af þess hálfu.

Hinn 19. janúar 2009 fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefnda Magnúsar Þorsteinssonar að því er varðaði varnarþing og var hún tekin til úrskurðar. Var úrskurðurinn kveðinn upp 13. febrúar 2009, þess efnis að frávísunarkrafan var ekki tekin til greina.

I.

Samkvæmt stefnu, greinargerð og gögnum málsins eru helstu atvik þau, að hinn 12. október 2005 veitti stefnandi, Straumur Burðarás fjárfestingabanki hf., peningalán til stefnda, BOM fjárfestinga ehf., að fjárhæð 1.063.958.324 krónur. Var þetta gert á grundvelli lánessamnings, sem dagsettur er 13. sama mánaðar. Fyrir hönd lántakanda rituðu undir samninginn þáverandi stjórnarmenn félagsins, þeir Baldur Guðnason og Steingrímur Pétursson, en þeir voru einnig í stjórn Fjárfestingafélagsins Sjafnar hf., sem var eignaraðili hins stefnda einkahlutafélags.

Lánessamningurinn hefur að geyma ítarlega skilmála. Segir í 2. gr. að lántakinn, stefndi BOM fjárfestingar ehf., eigi að nota lánsfjárhæðina til að greiða fyrir 5% hlut í Icelandic Group hf., að nafnvirði 108.404.579 krónur, og að þau kaup fari fram eigi síðar en tveimur dögum eftir undirritun samningsins. Er óumdeilt að þetta gekk eftir. Í 3. gr. segir að lántaki, hið stefnda félag, skuldbindi sig til að endurgreiða lánsfjárhæðina með einni afborgun þann 10. október 2007, og í 4. gr. segir að lánið beri þriggja mánaða LIBOR/REIBOR-vexti, að viðbættu 1,7% álagi. Í 9. gr. eru tíundaðar sérstakar skyldur sem hvíli á lántakanda meðan samningurinn er í gildi og allt þar til lánið er að fullu greitt. Segir í staflið a að stefndi BOM fjárfestingar ehf. skuli ávallt hafa fullnægjandi tryggingar fyrir rekstri og eignum. Í staflið b og c segir að ársreikningur félagsins eigi að vera endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og að félagið eigi að afhenda stefnanda áritaðan ársreikning eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok hvers reikningsárs. Í staflið d segir að félagið eigi að upplýsa stefnanda þegar í stað ef komi upp aðstæður sem leitt geti til riftunar lánessamningsins, sbr. ákvæði 11. gr. Í 10. gr. samningsins eru ákvæði um endurgreiðslu lánsins og um tryggingar til handa lánveitanda, þ.e. stefnanda.

Í samræmi við ofanrakin ákvæði lánessamningsins um tryggingar fyrir endurgreiðslu lánsfjárhæðar fékk stefnandi með yfirlýsingu, dagsettri 13. október 2005, handveðsrétt í hlutabréfum í Icelandic Group hf. að nafnvirði 108.404.569 krónur. Að auki fékk stefnandi handveðsrétt í öllu hlutafé í stefnda BOM fjárfestingum ehf. samkvæmt yfirlýsingu gefinni út af Fjárfestingafélaginu Sjöfn hf. á Akureyri, en það félag var eignaraðili þess fyrrnefnda, eins og áður var lýst, sbr. dskj. nr. 4 og 5. Voru stjórnarmenn í þessum félögum, Sjöfn hf. og stefnda, BOM fjárfestingum ehf., fyrrnefndir Baldur Guðnason og Steingrímur Pétursson.

Í nefndri handveðsyfirlýsingu frá 13. október 2005 segir m.a. að ef til þess komi að markaðsverð hlutabréfanna í Icelandic Group hf. verði 15% lægra en kaupverð að fjárhæð kr. 1.063.958.324, að viðbættum fjármagnskostnaði, sem falli á fyrrnefnt lán, skuli stefnda BOM fjárfestingar ehf. koma með viðbótartryggingu, sem starfsmenn veðhafa (þ.e. stefnanda) meti fullnægjandi, allt þar til framangreindum tryggingamörkum hafi verið náð. Tekið er fram að verði hið stefnda félag ekki við

kröfu stefnanda um viðbótartryggingu innan 5 virkra daga, sé honum heimilt að gjaldfella lánsamninginn og ganga að tryggingum í þeirri röð sem hann telji best.

Með bréfi, dagsettu 9. febrúar 2006, kallaði stefnandi eftir auknum tryggingum af hálfu hins stefnda félags, BOM fjárfestinga ehf., þannig að uppfyllt yrðu fyrrnefnd skilyrði í lánsamningi og handveðsyfirlýsingu um nægar tryggingar. Brást félagið við með yfirlýsingu, dagsettri 16. sama mánaðar, þar sem stefnanda var sett að handveði reiðufjárinnistæða á bankareikningi að fjárhæð 75.000.000 króna, sbr. dskj. nr. 7.

Í málavaxtalýsingum í stefnu og greinargerð er vísað til fyrrnefndra skjala, en einnig er því lýst að samkomulag hafi tekist á árinu 2007 með stefnanda og stefnda BOM fjárfestingum ehf. um að gera breytingar á skilmálum lánsamningsins frá 13. október 2005. Voru helstu breytingarnar samkvæmt samkomulaginu þær, sbr. dskj. nr. 8, sbr. 1. og 4. gr., að stefndi Magnús Þorsteinsson gerðist sjálfskuldarábyrgðaraðili fyrir skuldbindingum hins stefnda félags fyrir allt að 930.000.000 króna, en í 4. gr. segir að ábyrgðaraðili undirriti ábyrgð sína (Guarantee) samhliða skilmálabreytingunni. Í 2. gr. skilmálabreytingarinnar segir að í stað gr. 3.1. í upphaflegum lánsamningi komi ákvæði um að hið stefnda félag skuldbindi sig sem lántaki til að endurgreiða lánið með einni afborgun á gjalddaga þann 10. október 2008. Sett var nýtt ákvæði, sbr. 3. gr. í skilmálabreytingu, um sérstakar skyldur lántakans, í stað 9. gr. í lánsamningi. Segir stefndi Magnús í greinargerð sinni að þessar nýju skyldur hafi verið víðtækari en hinar eldri. Í nefndri skilmálabreytingu er líkt og í lánsamningi kveðið á um riftun, í 5. gr., en að öðru leyti segir að hinn upphaflegi samningur frá árinu 2005 standi óbreyttur. Undir nefnt samkomulag um skilmálabreytingar rita Einar Þór Steindórsson fyrir hönd stefnanda, Straums Burðaráss fjárfestingabanka hf., og Steingrímur Pétursson og Baldur Guðnason fyrir hönd BOM fjárfestinga ehf. Skjalið er dagsett 10. október 2007, sbr. dskj. nr. 8.

Samkvæmt framlögðum gögnum áttu aðilar máls, þar á meðal stefndi Magnús Þorsteinsson, en einnig starfsmenn þeirra og ráðgjafar, í nokkrum tölvupóstsamskiptum frá vormánuðum 2007 og fram yfir áramótin 2008. Fjölluðu þau um lánsamninginn frá árinu 2005, um nefnda skilmálabreytingu, en einnig um aðkomu félagsins Frontline Holding SA., sem ábyrgðaraðila að lánsamningnum, svo og um kaup þess félags á hinu stefnda félagi, BOM fjárfestingum ehf. Undir lokin vörðuðu samskiptin ábyrgðarveitingu stefnda Magnúsar á umræddu láni. Er í þessu viðfangi til þess að líta, að samkvæmt gögnum var mismunur á þeim tryggingum sem stefnandi hafði undir höndum og fjárhæð umrædds láns er atburðir þessir gerðust tæpar 600.000 milljónir króna.

Í tölvusamskiptunum komu m.a. við sögu vitnið Einar Þór Steindórsson, viðskiptafræðingur og starfsmaður stefnanda Straums-Burðaráss fjárfestingabanka hf., og vitnin Halldór Jónsson aðallögfræðingur og Guðjón Sævarsson, yfirmaður sérbankaþjónustu, sem þá voru báðir starfsmenn Landsbanka Íslands í Luxemburg SA., svo og stefndi Magnús Þorsteinsson. Fyrir dómi staðfestu þessir aðilar og vitni efni tölvusamskiptanna, en afrit þeirra eru á meðal málgagna. Verður greint

frá efni þeirra hér á eftir að nokkru til að varpa frekara ljósi á málsatvik.

Með tölvupósti dagsettum 12. apríl 2007 veitir stefndi Magnús Þorsteinsson sérfræðingum stefnanda heimild til að fá í hendur ársreikninga Frontline Holding SA., en hann var þá aðaleigandi félagsins. Jafnframt vísar hann í póstinum á yfirmann sérbankaþjónustu Landsbanka Íslands í Luxemburg, vitnið Guðjón Sævarsson, sé þörf á frekari skýringum. Liggur fyrir að tilefni þess tölvupósts voru þau áform aðila að nefnt félag gerðist ábyrgðaraðili fyrir umræddu láni stefnda BOM fjárfestinga ehf. Í framhaldi af þessum tilmælum er í tölvupóstsamskiptum starfsmanna stefnanda og starfsmanna Landsbanka Íslands í Luxemburg, á tímabilinu frá 13. júlí til 17. ágúst 2007, ítrekað fjallað um sjálfskuldarábyrgð Frontline Holding SA á nefndu láni. Er þar m.a. nefnt að af hálfu starfsmanna stefnanda sé vilji til þess að gengið sé frá þessu verkefni sem fyrst þar sem von sé á starfsfólki frá Fjármálaeftirlitinu. Er í framhaldi af því fjallað um skilmála fyrir ábyrgðinni, en einnig er vikið að víkjandi lánveitingu og veðheimildum af hálfu Landbankans gagnvart umræddu félagi. Kemur fram í nefndum gögnum, að sem viðhengi hafi fylgt drög að skilmálabreytingu lánsins, en einnig drög að ábyrgð Frontline-félagsins.

Í tölvupóstum sem dagsettir eru í nóvembermánuði 2007, en þeir eru í samræmi við önnur framlögð gögn, sbr. t.d. dskj. nr. 18 og 19, er fjallað um kaup Frontline Holding SA á öllu hlutfé stefnda BOM fjárfestinga ehf., samtals 108.404.569 hlutum, í Icelandic Group hf. Þessum kaupum er einnig lýst í tölvupóstum sem fóru á milli regluvarðar Icelandic Group hf., stjórnarmanns Fjárfestingafélagsins Sjafnar hf. og fyrrnefndra starfsmanna stefnanda og Landsbankans í Luxemburg. Í tölvubréfum þeirra síðastnefndu er því lýst að nefnd kaup hafi tengst fyrrnefndum áformum um ábyrgðarveitingu Frontline-félagsins á nefndu láni BOM fjárfestinga ehf. hjá stefnanda. Framlögð gögn benda til þess að þessi viðskipti hafi verið tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og Kauphöllinni þann 23. nóvember 2007, en þann dag tilkynntu jafnframt fyrrnefndir stjórnarmenn BOM fjárfestinga ehf. til Fyrirtækjaskrár, að þeir hefðu sagt sig úr stjórn félagsins, sbr. dskj. nr. 16.

Samkvæmt tölvupósti, sem dagsettur er 5. desember 2007, sendir Halldór Jónsson, yfirlögfræðingur Landsbankans í Luxemburg, fyrrnefndum lánasérfræðingi stefnanda, Einari Þór, í viðhengi, drög að skilmálabreytingu á lánsamningi. Segir hann í póstinum að drögin hafi tekið nokkrum breytingum þar sem gert sé ráð fyrir að Frontline-félagið gangist í ábyrgð, en að stefndi BOM fjárfestingar ehf. sé sem fyrr hinn eiginlegi skuldari. Í svarpósti nefnds starfsmanns stefnanda, dagsettum 10. desember sama ár, er staðhæft að kaup Frontline-félagsins á BOM fjárfestingum ehf. séu yfirstaðin og að þegar hafi verið sett að handveði 75.000.000 króna af hálfu þess síðarnefnda. Að öðru leyti er því lýst að sátt sé um breytingarnar og af þeim sökum verði lokadrög send stefndu. Nefndur lögfræðingur svarar á þá leið að nú þurfi að bíða átekt. Bregst nefndur starfsmaður stefnanda við þeirri málaleitan með því að senda tölvupóst til stefnda Magnúsar Þorsteinssonar, þann 11. desember, þar sem hann ber fram þá fyrirspurn hvort einhver fyrirstaða sé á frágangi málsins. Stefndi Magnús svarar um hæl með tölvupósti, og sendir samhliða afriti til Guðjóns Sævarssonar, yfirmanns sérbankaþjónustu Landsbankans í Luxemburg. Segir stefndi Magnús í þessum svarpósti að hann sé „ekki alveg inní málinu, hélt að þetta væri allt frágengið. Mun athuga og verða í sambandi“. Í tölvupósti, sem nefndur Einar Þór sendir stefnda Magnúsi þann 19. desember sama ár, getur hann þess að upp hafi komið einhver

vandkvæði hjá starfsmönnum Landsbankans í Luxemburg, og segir að illa hafi gengið að fá undirskriftir hjá stjórn hins stefnda félags, BOM fjárfestinga ehf., á skjöl varðandi skilmálabreytingu umrædds láns. Að öðru leyti segir hann að allt sé klárt til undirritunar, sem sé í samræmi við það sem áður hafi verið samþykkt þá um sumarið. Hann getur þess sérstaklega að brýnt sé að klára málið þar sem umrætt lán hafi verið í vanskilum frá því í október.

Í tölvubréfi, sem fyrrnefndur Halldór Jónsson lögfræðingur sendir samstarfsmanni sínum Guðjóni Sævarssyni hinn 20. desember 2007, upplýsir hann um að stefnandi, Straumur-Burðarás fjárfestingabanki hf., ætli „að fallast á tillögu um að fallast á ábyrgð mt (Magnús Þorsteinsson) í stað frontline upp að því marki sem staðan er í dag + einhverjir vextir fram að gjalddaga sem yrði í byrjun 2009.“ Tekur hann jafnframt fram að starfsmaður stefnanda, Einar Þór, þurfi tíma til að ganga frá málinu, en að ætlast sé til að þeirri vinnu verði lokið fyrir áramótin. Í tölvupósti Einars Þórs til nefndra starfsmanna Landsbankans í Luxemburg hinn 28. desember 2007, kl. 12:11, en afrit sendi hann til stefnda Magnúsar, segir eftirfarandi, sbr. dskj. nr. 32: „Ég mun senda ábyrgðina og skilmálabreytinguna við fyrsta tækifæri í dag. Við höfum fengið Ok hér innanhúss fyrir ábyrgð Magnúsar í stað Frontline upp á mismun á uppgreiðsluverðmæti lánsins í dag og heildarverðmæti IG bréfa m.v. daginn í dag, sem myndi bera fasta 20% vexti fram á gjalddaga, sem við erum tilbúin að framlengja í 12 mánuði“. Í tölvupósti Einar Þórs til nefndra aðila síðar þennan dag, kl. 14:32, kveðst hann hafa sent þeim umrædd skjöl og þar á meðal skilmálabreytingu. Í tölvupósti Einars Þórs hinn 31. desember til nefnds Halldórs Jónssonar er áreittað að frágangi skjala þurfi að sinna. Vísar hann m.a. til þess að fallist hafi verið á beiðni um að setja þak á ábyrgð stefnda Magnúsar Þorsteinssonar. Áréttar Einar Þór erindið í tölvupósti 3. janúar 2008 til stefnda Magnúsar, sbr. dskj. nr. 30 og 31. Stefndi Magnús svarar þessum tilmælum í tölvupósti þann dag, kl. 21:08, sbr. dskj nr. 31, þannig: „Var búinn að gefa þeim Lux mönnum fullt umboð til frágangs ...“ Í tölvupósti Halldórs Jónssonar til Einars Þórs nefnt kvöld, kl. 22:16, segir m.a.: „Ég met þetta sem svo að eina sem vantar til að klára þetta á morgun er undirritun frá Baldri eða Steingrími fyrir hönd stjórnar BOM á skilmálabreytingu lánsins.“

Samkvæmt framlögðum tölvupósti stefnda Magnúsar Þorsteinssonar, dagsettum 7. janúar 2008, til nafngreinds aðila, sbr. dskj. nr. 32, fer hann þess á leit, að hann gangi frá rafrænni undirskrift sinni á skjöl er varði „BOM-Ábyrgð“ ásamt kennitölu og sendi Einari Þór. Hinn nafngreindi aðili sendir Einari Þór tölvupóst að morgni 8. janúar, en í viðhengi er eftirfarandi ritað: „Efni: BOM ábyrgð. Viðhengi: Skilmálabreyting láns- signed. doc; GUARANTEE MÞ-signed. doc“.

Samkvæmt framangreindu tókst stefndi Magnús Þorsteinsson með yfirlýsingu (GUARANTEE), sem dagsett er. 10. janúar 2008, á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu láns samkvæmt margnefndum lánssamningi frá árinu 2005 millum stefnanda og stefnda BOM fjárfestinga ehf., Austursíðu 2 Akureyri, ásamt öllum áorðnum breytingum. Í 1. gr. ábyrgðaryfirlýsingarinnar segir að hún sé að fjárhæð allt að 930.000.000 króna auk 20% ársvaxta frá 10. janúar 2008 til greiðsludags. Í 2. gr. segir að ábyrgðin sé óafturkallanleg uns lántakandinn hafi verið leystur undan skuldbindingum samkvæmt lánssamningi. Í yfirlýsingunni eru nánari ákvæði um inntak ábyrgðarinnar, um skilvísi greiðslna, framsal og fleira. Þá segir í niðurlagi

hennar í þýðingu löggilts skjalapýðanda, en hún er rituð á ensku: 6.2. Um sjálfsskuldarábyrgð þessa og túlkun hennar skal fara að íslenskum lögum. 6.3. Aðilar að þessari sjálfsskuldarábyrgð samþykkja hér með óafturkallanlega að lúta valkvætt (non-exclusive) lögsögu Héraðsdóms Reykjavíkur. („The parties to this Guarantee hereby irrevocably agree to submit to the non-exclusive jurisdiction of the Reykjavik District Court,“ þ.e. samkvæmt þýðingu dómsins, að aðilar ábyrgðaryfirlýsingarinnar fallist á með óafturkallanlegum hætti, að lúta lögsögu Héraðsdóms Reykjavíkur, án þess þó að útiloka lögsögu annarra dómstóla.)

Samkvæmt gögnum ritar stefnandi, Straumur Burðarás fjárfestingabanki hf., bréf til stefnda BOM fjárfestinga ehf., hinn 25. ágúst 2008, og kallar eftir frekari tryggingum þannig að uppfyllt séu fyrrnefnd skilyrði lánessamningsins og handveðsyfirlýsinga um nægar tryggingar. Var þess krafist að hið stefnda félag, sem lántaki, legði fram auknar tryggingar innan fimm virkra daga frá dagsetningu bréfsins. Í málatilbúnaði sínum bendir stefnandi á að er þarna hafi verið komið sögu hafi Icelandic Group hf. verið afskráð í Kauphöll Íslands og því hafi ekki lengur verið neinn skipulegur verðbréfamarkaður fyrir hlutabréf í félaginu. Stefnandi bendir einnig á að áður en nefnt félag var afskráð hafi skráð viðskipti með hlutabréf í því verið á genginu nálægt 1,0. Vegna þessa hafi starfsmenn stefnanda metið það svo að augljóst væri að markaðsverð veðsettra bréfa í félaginu væri langt frá því að uppfylla skilyrði ofangreindra löggæringa um tryggingamörk. Með bréfi stefnanda til hins stefnda félags, dagsettu 2. september 2008, var tilkynnt um riftun og gjaldfellingu láns samkvæmt margnefndum lánessamningi, en þar um var vísað til heimildarákvæða í 11. gr., til ákvæða handveðsyfirlýsingarinnar frá 13. október 2005, sbr. og skilmálabreytingar, dagsettrar 10. október 2007.

Með innheimtubrési lögmanns stefnanda til stefnda Magnúsar Þorsteinssonar, dagsettu 11. september 2008, var skorað á hann að greiða ábyrgðarskuld sína samkvæmt áðurrakinni ábyrgðaryfirlýsingu innan fimm daga frá dagsetningu bréfsins eða semja um greiðslu hennar.

Stefnandi vísar til þess að hvorugur hina stefndu hafi svarað bréfunum og því hafi honum verið nauðsyn að höfða mál þetta og fá aðfararhæfan dóm um kröfur sínar á hendur stefndu.

II.

Málsástæður stefnanda og lagarök ásamt sundurliðun dómkröfu.

Stefnandi reisir kröfu sína á hendur BOM fjárfestingum ehf. um greiðslu skuldar á lánessamningi aðila frá 13. október 2005. Stefnandi vísar til þess að skuldin hafi fallið í gjalddaga 2. september 2008, er hann hafi lýst yfir gjaldfellingu lánsins, samkvæmt heimild í ákvæðum 11. gr. samningsins líkt og þeim hafði verið breytt með skilmálabreytingu á dskj. nr. 8, sbr. gr. 10.2 í lánessamningi á dskj. nr. 3.

Um fjárhæð kröfunnar á hendur stefnda BOM fjárfestingum ehf., 1.537.030.492 krónur, vísar stefnandi til stöðuyfirlits miðað við 2. september 2008. Sé um að ræða upphaflega lánsfjárhæð ásamt áföllnum vöxtum samkvæmt samningi, en að frádreginni bankainnistæðu, sem stefnandi hafi haft handveðrétt í og leyst til sín.

Um lagarök vísar stefnandi til meginreglna kröfuréttar um að samninga beri að halda og um greiðslu skulda. Krafa stefnanda um dráttarvexti er reist á III. og IV. kafla laga nr. 38, 2001 um vexti og verðtryggingu.

Við flutning málsins vísaði stefnandi jafnframt til ákvæða 113. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91, 1991, þar sem útivist hefði orðið af hálfu hins stefnda félags eftir þingfestingu málsins.

Stefnandi reisir kröfu sína á hendur stefnda Magnúsi Þorsteinssyni á yfirlýsingu hans um sjálfskuldarábyrgð, dagsettri 10. janúar 2008, á greiðslu framangreindrar skuldar stefnda BOM fjárfestinga ehf. Stefnandi vísar til þess að ábyrgð stefnda Magnúsar hafi takmarkast við 930.000.000 króna ásamt 20% vöxtum, sem reiknist frá 10. janúar 2008. Krefst stefnandi þess að stefndi Magnús verði dæmdur til greiðslu þessarar fjárhæðar ásamt vöxtum óskipt (in solidum), sbr. ákvæði ábyrgðaryfirlýsingarinnar.

Við munnlegan flutning vísaði stefnandi til þess að ekki sé ágreiningur um að umkrafin skuld sé ekki skuld samkvæmt viðskiptabréfi, en andmælir að öðru leyti öllum málsástæðum, staðhæfingum og lagarökum stefnda Magnúsar Þorsteinssonar sem haldlausum, en þar um vísar hann ekki síst til framlagðra gagna og skýrslugjafa fyrir dómi. Staðhæfir stefnandi m.a. að stefndi Magnús hafi um árabíl verið mjög umsvifamikill í viðskiptum, bæðir héraendis sem erlendis. Hann þekki vel til viðskiptalífsins og þeirra viðskiptahátta, sem þar séu viðhöfð. Hann hafi að auki notið ráðgjafar sérfróðra aðila við gerð þeirra gerninga sem hér sé um fjallað, en einnig hafi allur aðdragandi verið allangur og vandaður. Þá hafi stefndi Magnús þekkt vel til hins stefnda félags BOM fjárfestinga ehf., en allar rekstrarlegar forsendur þess hafi legið ljósar fyrir við undirritun hans á ábyrgðaryfirlýsingu þann 10. janúar 2008. Samningur um skilmálabreytingu umrædds láns hafi og legið fyrir, en líklegt sé að dagsetning hafi verið færð til, en það hafi ekki réttarlegar afleiðingar líkt og atvikum sé háttað.

Um lagarök vísar stefnandi til meginreglna kröfuréttar um að samninga beri að halda og meginreglna um greiðslu ábyrgðarskulda. Kröfu um dráttarvexti reisir stefnandi á III. og IV. kafla laga nr. 38, 2001 um vexti og verðtryggingu, en upphafstími dráttarvaxta er miðaður við 11. september 2008 er lögmaður stefnanda sendi stefnda Magnúsi innheimtubréf, en þá hafi stefnda borið að greiða skuldina samkvæmt 3. gr. ábyrgðaryfirlýsingarinnar.

Kröfu um málflutningsþóknun byggir stefnandi á reglum XXI. kafla laga nr. 91, 1991 um meðferð einkamála og kröfu um virðisaukaskatt á ákvæðum laga nr. 50, 1988.

Málsástæður og lagarök stefnda Magnúsar Þorsteinssonar.

Stefndi Magnús Þorsteinsson byggir kröfur sínar um sýknu á því að skuldin samkvæmt nefndum lánessamningi frá 13. október 2005 sé ekki skuld samkvæmt viðskiptabréfi og gildi því ekki sérreglur laga þar um. Hann vísar og til þess að öll sönnunarbyrði varðandi sjálfskuldarábyrgð hans hvíli alfarið á stefnanda. Stefnandi hafi samið lánesskjalið frá árinu 2005 og ábyrgðarskjal hans frá 10. janúar 2008. Beri hann því hallann af ónákvæmni við alla túlkun þeirra skjala.

Stefndi Magnús byggir sýknukröfu sína á því, að er hann hafi undirgengist umrædda sjálfskuldarábyrgð í janúar 2008, vegna nefnds láns hins stefnda félags, hafi hann gert það m.a. vegna ákvæða í 9. gr. lánessamningsins frá árinu 2005, sbr. dskj. nr. 3, og ekki síst vegna þess að hann hafi borið mikið traust til sérfræðinga stefnanda vegna orða þeirra um að áhætta af ábyrgðartökunni væri óveruleg og að þeir myndu fylgjast grannt með rekstri BOM fjárfestinga ehf. Ákvæðið hafi og átt að gilda þar til lánið væri að fullu greitt. Hann hafi treyst því að ákvæðið væri til þess fallið og sett í þeim tilgangi að draga úr áhættu, sem sjálfskuldarábyrgð hans hafði í för með sér. Þetta hefði verið grundvallarforsenda þess að hann gekkst í sjálfskuldarábyrgð fyrir umræddri skuld. Við flutning málsins var af hálfu stefnda, sbr. málavaxtalýsingu hans, vísað til þess að ákvæði 9. gr. í lánessamningi hefði verið fellt niður með skjali um skilmálabreytingu lánessamningsins, dagsettu 10. október 2007, og bendir hann á að það skjal hafi að öllum líkindum verið undirritað eftir 20. desember 2007 af aðilum sem áður höfðu verið afskráðir úr stjórn lántakans, stefnda BOM fjárfestingafélags ehf. Með þessum nýju ákvæðum í skilmálabreytingunni hafi verið settar skyldur á hendur félaginu, sem hefðu verið viðtækari en hinar eldri.

Stefndi Magnús byggir á því að það hafi verið forsenda af hans hálfu varðandi ábyrgðarveitinguna, að báðir samningsaðilar, stefnandi og hið stefnda félag, BOM fjárfestingar ehf., virtu og færu eftir öllum ákvæðum lánessamningsins frá 2005, þar á meðal þeim ákvæðum sem hefðu falið í sér aðgerðir er hefðu dregið úr áhættu hans sem ábyrgðaraðila. Byggir stefndi á því að hann hafi ekki verið rétt upplýstur af sérfræðingum stefnanda að þessu leyti, þar á meðal um hag hins stefnda félags og um áhættu af þeirri ábyrgð sem hann hafði undirgengist. Byggir hann á því að upplýsinga- og eftirlitsskyldur samkvæmt fyrrnefndri 9. gr. lánessamningsins hefðu verið þverbrotnar af hálfu stefnanda.

Stefndi Magnús byggir ennfremur á því að er hann gekkst undir nefnda ábyrgð hafi stefnandi beitt hann miklum þrýstingi en auk þess fullvissað hann um/lofað, að aldrei kæmi til þess að reyna myndi á skuldbindingu hans. Stefnandi hafi sjálfur ekki átt neinna hagsmuna að gæta, en hann hafi hvorki verið tengdur hinu stefnda félagi, BOM fjárfestingum ehf., né haft nokkurn fjárhagslegan ávinning af því að gangast í ábyrgðina. Hann hafi ráðist í þetta af greiðasemi við stefnanda gegn fyrrnefndu loforði.

Stefndi Magnús byggir á því að framangreindar málsástæður einar og sér eigi að leiða til sýknu vegna forsendubrests og vanefnda.

Stefndi Magnús byggir sýknukröfu sína einnig á því að víkja beri umræddri ábyrgðaryfirlýsingu hans frá 10. janúar 2008 til hliðar sem ósanngjarnri á

grundvelli 36. gr. samningalaga með vísan til áðurlýstra málsatvika. Við flutning vísaði stefndi að þessu leyti til allra aðstæðna við samningsgerðina, en á hann hafi hallað m.a. vegna ófullnægjandi vitneskju hans um skilmálabreytingu láns og undirskriftir fyrrum stjórnarmanna hins stefnda félags, BOM fjárfestinga ehf. Hafi þetta verið óforsvaranlegt.

Um lagarök varðandi allar frammannefndar málsástæður vísar stefndi til meginreglna samninga- og kröfuréttar um rangar og brotnar forsendur og til laga nr. 7, 1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. lög nr. 11, 1986 um það efni.

Stefndi Magnús byggir á því að stefnandi hafi valdið honum fjárhagslegu tjóni með saknæmum hætti. Staðhæfir hann að það fjárhagslega tjón sem hann hafi orðið fyrir nemi nákvæmlega þeirri fjárhæð sem hann kunni að verða dæmdur til að greiða stefnanda, ef fallist verður á dómkröfur hans í málinu, þ.e. höfuðstól, vexti og kostnað. Byggir stefndi á að hin saknæma háttsemi stefnanda felist m.a. í því að hann hafi ekki gætt umsaminnar tryggingaverndar samkvæmt ákvæðum 9. gr. lánsamningsins. Vísar stefndi til þess að hefði stefnandi virt og framkvæmt þau ákvæði samkvæmt efni sínu og nýtt heimildir sínar samkvæmt handveðsyfirlýsingum og/eða gengið að handveðsettum verðmætum til tryggingar skuldinni á sínum tíma væri krafan að fullu greidd. Bendir stefndi á „að gengi hinna veðsettu hluta í Icelandic Group hf. féllu stöðugt í verði“ eftir að sjálfskuldarábyrgð hans var gefin og hafi félagið verið afskráð í Kauphöllinni þann 16. júní 2008. Stefnandi hafi ekkert aðhafst í málinu fyrr en með bréfi til hins stefnda félags, BOM fjárfestinga ehf., þann 25. ágúst 2008. Þá hafi stefnandi ekkert aðhafst gagnvart honum sjálfum fyrr en með innheimtubrési dagsettu 11. september sama ár. Stefnandi byggir á því að stefnanda hefði mátt vera ljós sú aukna áhætta sem varpað var á hans herðar með því að grípa ekki til ráðstafana sem ákvæði lánsamnings og handveðssamninga hefðu gert ráð fyrir og einnig með því að aðvara hann ekki fyrr en gert var. Byggir stefndi á því að þessi málsástæða ein og sér eigi að leiða til sýknu.

Þá byggir stefndi á því að stefnandi hafi verið hvatamaður að því að hann veitti umrædda sjálfskuldarábyrgð. Staðhæfir hann að stefnandi hafi lýst því yfir að um nokkurs konar málamyndagerning væri að ræða og áréttar að stefnandi hafi gefið loforð um að aldrei myndi reyna á ábyrgð hans. Við flutning málsins var áréttað að stefndi hefði í raun engar skyldur haft við hið stefnda félag við ábyrgðartökuna og því hefði verið um greiðasemi af hans hálfu að ræða gagnvart stefnanda vegna reglna um hugsanlega yfirtökuskyldu. Vegna þessa beri að leggja fyrrnefndar fullyrðingar hans til grundvallar og eigi þær að leiða til þess að hann verði sýknaður í málinu.

Varðandi varakröfu um stórfellda lækkun á stefnukröfu byggir stefndi á þeim málsástæðum sem hér að framan hafa verið raktar.

III.

1. Við aðalmeðferð málsins fyrir dómi gaf stefndi Magnús Þorsteinsson aðilaskýrslu, en vitnaskýrslur gáfu Halldór Jónsson hæstaréttarlögmaður, Guðjón Sævarsson viðskiptafræðingur og Einar Þór Steindórsson viðskiptafræðingur.

Stefndi Magnús Þorsteinsson greindi frá því að hann hefði í 27 ár stundað viðskipti, bæði hérlendi og erlendis. Kvaðst hann m.a. hafa verið hluthafi í félagi sem hefði yfirtekið Landsbanka Íslands á sínum tíma, en síðar hefði hann átt hluti í ýmsum félögum, m.a. Icelandic Group hf. og Eimskipafélagi Íslands hf. Í síðastnefnda félaginu hefði hann um skeið verið stjórnarformaður, en þar hefði og um tíma verið sem forstjóri Baldur Guðnason, en hann hafi verið einn af eigendum BOM fjárfestingafélags ehf.

Stefndi bar að Landsbanki Íslands í Luxemburg hefði verið viðskiptabanki hans. Bankinn hefði m.a. séð um eignastýringu fyrir hann að hluta, en í því sambandi nefndi hann aðallögfræðing bankans, vitnið Halldór Jónsson, svo og yfirmann sérbankaþjónustu, vitnið Guðjón Sævarsson. Hefðu þeir veitt honum sérfræðiþjónustu og m.a. komið að félagi hans Frontline Holding SA, sem hefði verið vistað í bankanum í Luxemburg. Stefndi bar að í apríl 2007 hefðu honum borist tilmæli frá starfsmanni stefnanda, Straums Burðaráss fjárfestingabanka hf., um að hann myndi veita hinu stefnda félagi, BOM fjárfestingum ehf., ábyrgð vegna láns sem það hafði fengið nokkru áður. Stefndi bar að sumarið 2007 hefði ennfremur komið fram sú hugmynd að félag hans, Frontline Holding SA, keypti BOM fjárfestingar ehf. og hafi það gengið eftir í nóvember það ár. Vegna kaupanna kvaðst hann hafa þekkt til eigna- og skuldastöðu BOM fjárfestinga ehf. og því haft vitneskju um að eina eign þess voru hlutabréf í Icelandic Group hf. og ennfremur að virði þeirra þá var á bilinu 400 til 500 milljónir. Bar stefndi að umrædd kaup hans hefðu í raun verið „hluti af stærri og hlutrænni aðgerð“. Stefndi bar að undir lok ársins 2007 hefði komið til tals að í stað Frontline Holding SA gengist hann persónulega í sjálfskuldarábyrgð fyrir BOM fjárfestingafélag ehf., fyrir allt að 930 milljónir króna, vegna umrædds láns félagsins hjá stefnanda. Kvaðst hann hafa fallist á ábyrgðarveitinguna, en bar að þá hefði honum verið ljóst að samhliða þyrfti að skilmálabreyta láninu. Stefndi staðhæfði að á hinn bóginn hefði hann haft þann skilning að ekki yrði gengið að honum vegna sjálfskuldarábyrgðarinnar af hálfu stefnanda. Því til staðfestu vísaði hann til orða starfsmanna stefnanda og þá einkum Einars Þórs Steindórssonar. Þá staðhæfði hann að umræddir gerningar hefðu allir verið „hluti af því að bjarga ýmsum málum fyrir marga aðila, sem hefði verið öllum til hagsbóta“. Nefndi hann í því sambandi m.a. reglur um yfirtökuskyldu.

Vitnið Halldór Jónsson, fæddur 1966, kvaðst hafa verið aðallögfræðingur Landsbanka Íslands í Luxemburg á árunum 2007 og 2008. Vitnið kvaðst m.a. hafa komið að skjalagerð vegna sjálfskuldarábyrgðar stefnda Magnúsar Þorsteinssonar. Vitnið bar að ábyrgð stefnda Magnúsar hefði haft nokkurn aðdraganda. Vísaði vitnið til þess að honum hefði í fyrstu verið kynntar ráðagerðir um að félag í eigu Magnúsar, Frontline Holding SA, heimilaði veðsetningu í eigin hlutabréfum til tryggingar á láni BOM fjárfestinga ehf. hjá stefnanda, Straumi Burðarás fjárfestingabanka hf. Vegna hagsmuna Landsbankans kvaðst vitnið hafa gert lánanefnd bankans grein fyrir því að slík ráðstöfun væri óráðleg, en í framhaldi af því hefði komið til tals að Frontline Holding SA kæmi að umræddu láni sem sjálfskuldarábyrgðaraðili. Vegna þessa kvaðst vitnið hafa rætt við samstarfsmann sinn, vitnið Guðjón Sævarsson, en hann hefði verið í samskiptum við stefnda Magnús. Vitnið bar að við nánari athugun hefði ábyrgðarveiting nefnds hlutafélags

stangast á við lagareglur í Luxemburg. Vitnið bar að um síðir hefði hann heyrt af því að stefndi ætlaði sjálfur að gangast í sjálfskuldarábyrgð vegna umrædds láns BOM fjárfestinga ehf. Vitnið bar að þessi ráðagerð hefði komið honum á óvart og því hefði hann í fyrsta skipti haft símasamband við stefnda Magnús. Í viðræðum þeirra kvaðst vitnið hafa fengið staðfest að þetta væri ákvörðun Magnúsar og bar að hann hefði gefið þá skýringu, að hann hefði „lofað þessu á sínum tíma, lofað Straumi þessu, og það myndi enginn geta sagt um hann nokkurn tímann að hann stæði ekki við orð sín ... hann ætlaði ekki að vera ómerkingur ... hann nánast hastaði á mig ... Þannig að ég gerði honum það ljóst að honum væri ekki skylt að gera þetta ... en ég man að mér fannst þetta svona nánast eins og ég ætti að skammast mín fyrir að ráðleggja honum eða benda honum á að honum væri þetta ekki skylt ... Það var algjörlega ljóst í mínum huga að hann áttaði sig á því að honum var ekki lögfræðilega skylt, nema þá á grundvelli einhverra munnlegra loforða, að undirrita svona.“ Fyrir dómi staðfesti vitnið efni áðurrakinna tölvupóstsamkipta.

Vitnið Guðjón Sævarsson, fæddur 1971, kvaðst hafa verið starfsmaður Landsbankans í Luxemburg á árunum 2001 til 2008, og hin tvö síðustu verið yfirmaður sérbankapjónustu. Vitnið bar að starfsstöð hans í Luxemburg hefði blandast inn í þau áform stefnda Magnúsar Þorsteinssonar og stefnanda, Straums Burðaráss fjárfestingabanka hf., að félagið Frontline Holding SA gerðist ábyrgðaraðili eða veitti veð vegna láns sem BOM fjárfestingar ehf. hafði áður fengið hjá stefnanda. Vitnið bar að síðar hefði það frétt af því að þessi áform hefðu breyst á þann veg að stefndi Magnús ætlaði sjálfur að gangast í ábyrgð fyrir láninu. Kvaðst vitnið hafa innt stefnda Magnús eftir þessu og um ástæðu, en þá fengið það svar að hann, þ.e. stefndi Magnús, „þyrfti ekki að hafa áhyggjur af þessum gerningi.“ Frekari skýringar hefðu ekki komið fram af hálfu stefnda Magnúsar.

Vitnið Einar Þór Steindórsson, fæddur 1983, kvaðst hafa starfað á lánasviði stefnanda, Straums Burðaráss fjárfestingabanka hf., frá desembermánuði 2005, en viðskiptafræðiprófi hefði hann lokið vorið 2006. Vitnið bar að stefnandi hefði gefið út veðkall árið 2006 til hins stefnda félags, BOM fjárfestinga ehf., en tilefnið hefði verið lækking á gengi hlutabréfa í Icelandic Group hf., en þau bréf hefðu verið að veði fyrir lánveitingu félagsins. Vegna þessa hefði hið stefnda félag reitt fram reiðufjárinnistæðu, samtals 75 milljónir króna. Er gengi umræddra hlutabréfa hefði haldið áfram að falla hefði verið gefið út nýtt veðkall af hálfu stefnanda. Skuldarinn, BOM fjárfestingar ehf., hefði ekki brugðist við sem skyldi, en í framhaldi af því hefði komið fram sú hugmynd til lausnar af hálfu hins stefnda félags og stefnda Magnúsar Þorsteinssonar, að eignarhaldsfélagið Frontline Holding SA í Luxemburg ábyrgðist þann mismun sem var orðinn á hinu útistandandi láni og veðinu, þ.e. hlutafjäreign félagsins í Icelandic Group hf., sem var til tryggingar láninu. Við endanlega útreikninga hefði þessi mismunur reynst 930 milljónir króna. Vegna þessa kvaðst vitnið hafa verið í viðræðum við starfsmenn Landsbanka Íslands í Luxemburg, þá Guðjón Sævarsson og Halldór Jónsson, en niðurstaðan að lokum orðið sú að stefndi Magnús ritaði sjálfur undir sjálfskuldaábyrgð vegna lánsins. Vitnið staðhæfði að nefnd lausn hefði komið frá stefnda Magnúsi eða umboðsmönnum hans, nefndum starfsmönnum Landsbankans. Er þarna var komið sögu í desember 2007 staðhæfði vitnið að hann einn hefði unnið að þessu lánaverkefni fyrir hönd stefnanda. Fullyrti vitnið að það hefði aldrei komið til tals eða verið orðað við stefnda Magnús að áhættan af nefndri ábyrgðarveitingu væri óveruleg. Þá andmælti vitnið því að Magnúsi hefði verið

gefið vilyrði eða loforð um að ekki yrði gengið að honum af hálfu stefnanda vegna ábyrgðarinnar ef mál æxluðust á þann veg. Vitnið kannaðist heldur ekki við að orð hefði fallið um að ábyrgðin væri í raun málamyndagerningur eða að um væri að ræða einhvers konar greiðasemi af hálfu Magnúsar. Vitnið kvað það hins vegar hafa orðið niðurstaðan í viðræðum hans við nefnda starfsmenn Landbankans í Luxemburg, umboðsmenn Magnúsar, sbr. tölvuorðsendingu þar um, að stefnandi sem lánveitandi féllist á að sjálfskuldarábyrgð stefnda Magnúsar yrði takmörkuð við fyrrnefnda fjárhæð og jafnframt að vextir yrðu fastákveðnir, 20%. Vitnið bar að allar upplýsingar um málið hefðu legið á borðinu, m.a. hver hin raunverulega fjárhagsstaða BOM fjárfestinga ehf. var og ennfremur að nauðsynlegt væri að ganga frá skilmálabreytingu lánsins. Vitnið bar að þetta hefði allt legið fyrir og staðhæfði að m.a. vegna beinna samskipta þeirra hefði Magnús haft fulla vitneskju um alla málavexti, þar á meðal um nefnda skilmálabreytingu og að hún hefði verið dagsett eftirá, er endanlega var gengið frá undirritun hans sem sjálfskuldarábyrgðaraðila í ársbyrjun 2008. Vitnið bar að af hálfu stefnanda hefði verið litið svo á að BOM fjárfestingar ehf. hefði er atburðir þessir gerðust verið í eigu stefnda Magnúsar í gegnum félag hans Frontline Holding SA. Vitnið áréttaði að það hefði verið á hans verkefnaskrá að ganga frá þessu láni sem hefði verið ótryggt að hluta, en að öðrum kosti hefði samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins orðið að afskrifa þann hluta og „við vorum með eitthvað upplegg sem sagt frá mars/apríl 2007 um að vinna að einhverri lausn og hún dróst og við lentum þessu máli sem sagt 10. janúar 2008.“

2. Samkvæmt framangreindu veitti stefnandi, Straumur Burðarás fjárfestingabanki hf., stefnda BOM fjárfestingum ehf. peningalán að fjárhæð 1.063.958.324 krónur með lánsamningi dagsettum 13. október 2005. Lánsfjárhæðin var ætluð til kaupa á 5% hlut í hlutafélaginu Icelandic Group hf., og gekk það eftir. Lánsamningurinn er ítarlegur, en auk ákvæða um gjalddaga þann 10. október 2007 er þar m.a. kveðið á um tryggingar til handa stefnanda fyrir endurgreiðslu lánsins. Í kjölfar lækkunar á gengi hlutabréfa í Icelandic Group hf. í ársbyrjun 2006, sem m.a. var vikið að í nefndum ákvæðum um tryggingar, reyndi á þau með veðkalli stefnanda. Brást hið stefnda félag við með því að leggja fram að handveði 75.000.000 króna. Með skilmálabreytingu dagsettri 10. október 2007 var gjalddagi lánsamningsins færður til 10. október 2008, en til viðbótar kom þá til umrædd sjálfskuldarábyrgð stefnda Magnúsar Þorsteinssonar, sem eins og fyrr segir er dagsett 10. janúar 2008.

Samkvæmt gögnum krafðist stefnandi m.a. með vísan til ákvæða lánsamningsins frekari tryggingar í bréfi dagsettu 25. ágúst 2008. Þegar ekki var brugðist við af hálfu stefndu tilkynnti stefnandi í bréfi hinn 2. september 2008 um riftun og gjaldfellingu lánsins, en hóf síðan þá málssókn sem hér er til umfjöllunar.

Af hálfu stefnda BOM fjárfestinga ehf. var sótt þing þegar málið var þingfest hinn 2. október 2008, en á síðari stigum féll þingsókn félagsins niður. Var því lýst yfir að ekki yrði haldið uppi vörnum fyrir félagið.

Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 96. gr. laga nr. 91, 1991 um meðferð einkamála skal dæma mál þetta gagnvart stefnda, BOM fjárfestingum ehf., þar sem um útivist er að ræða, eftir kröfum og málatilbúnaði stefnanda að því leyti sem það er samrýmanlegt framkomnum gögnum. Þar sem svo reynist vera, ber að taka kröfur

stefnanda til greina að öllu leyti eins og nánar segir í dómsorði.

Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur stefnda Magnúsi Þorsteinssyni á yfirlýsingu hans um sjálfskuldarábyrgð (Guarantee) á lánsamningi hins stefnda félags, BOM fjárfestinga ehf., sem hann undirritaði hinn 10. janúar 2008. Hámarksfjárhæð ábyrgðarinnar er 930.000.000 króna. Ágreiningslaust er með aðilum að varnir stefnda Magnúsar í máli þessu sæti ekki takmörkunum samkvæmt 118. gr. laga nr. 91, 1991 um meðferð einkamála.

Stefndi Magnús byggir sýknukröfur sínar á meginreglum samninga- og kröfuréttar um rangar og brotnar forsendur. Einnig vísar hann m.a. til vanefnda stefnanda á eftirlits- og upplýsingaskyldum, til laga nr. 7, 1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 36. gr., til yfirlýsinga, m.a. starfsmanna stefnanda, og loks til saknæms hátternis stefnanda er hafi valdið honum fjárhagslegu tjóni.

Stefndi byggir á því að áðurrakin ákvæði 9. gr. umrædds lánsamnings hafi verið grundvallarforsendan fyrir ábyrgðarveitingu hans og að hann hafi borið mikið traust til sérfræðinga stefnanda, og þá ekki síst vegna orða um að þeir myndu fylgjast grannt með rekstri lántakans, BOM-fjárfestinga ehf. Staðhæfir stefndi að stefnandi hafi þverbrotið upplýsinga- og eftirlitsskyldur sínar, en við flutning og í málavaxtalýsingu bendir hann jafnframt á að með fyrrnefndri skilmálabreytingu lánsins, dagsettri 10. október 2007, hafi verið settar enn víðtækari skyldur á hendur hinu stefnda félagi af hálfu stefnanda.

Ágreiningslaust er að eftir lýst veðkall stefnanda og viðbrögð hins stefnda félags fyrri hluta árs 2006 reyndi á ný á fyrrnefnd tryggingarákvæði lánsamnings aðila á vormánuðum 2007. Verður ráðið af gögnum, en einnig aðilaskýrslu stefnda Magnúsar, að í kjölfar endurtekens veðkalls stefnanda hafi eiginleg samskipti hans og starfsmanna Landsbanka Íslands í Luxemburg annars vegar og starfsmanna stefnanda hins vegar hafist. Samkvæmt gögnum voru í samskiptum þeirra viðraðar ýmsar hugmyndir til lausnar, m.a. um að erlent félag í eigu stefnda Magnúsar gengist í ábyrgð fyrir nefndum lánsamningi. Veitti stefndi Magnús starfsmönnum stefnanda m.a. aðgang að bókhaldsgögnum vegna þessa, en benti að öðru leyti á ráðgjafa sína í bankanum í Luxemburg, vitnin Halldór Jónsson og Guðjón Sævarsson. Liggur fyrir að hið erlenda félag stefnda keypti BOM fjárfestingar ehf. í nóvembermánuði 2007. Samkvæmt aðilaskýrslu stefnda Magnúsar fyrir dómi var honum við kaupin ljós fjárhagsstaða hins stefnda félags, þ.e. að eina eign þess voru hlutabréf í Icelandic Group hf., og að skuldir þess hjá stefnanda vörðuðu þau kaup. Í nefndri skýrslu skýrði stefndi Magnús enn fremur frá því að honum hefði verið ljóst að gera þurfti skilmálabreytingu á umræddu láni. Í þessu sambandi verður að áliti dómsins ekki fram hjá því horft að stefndi Magnús hafði er atvik þessi gerðust um langt árabil komið að viðskiptum hérlendis og erlendis og hafði m.a. um tíma verið hlutahafi í Icelandic Group hf.

Fyrir liggur að áritun stefnda Magnúsar á yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð átti sér drjúgan aðdraganda, en hún er ítarleg og skilyrðislaus af hans hálfu. Óumdeilt er að við gerð hennar leitaði hann álits sérfróðra ráðgjafa, líkt og við gerð annarra þeirra gerninga sem hann hefur vísað til og varða hið stefnda félag. Samkvæmt áðurröktum tölvupóstsamskiptum voru m.a. drög að þessum skjölum ítrekað send á

milli ráðgjafa og sérfróðra starfsmanna aðila til yfirlstrar og skoðunar fyrir undirritanir, m.a. stefnda Magnúsar, en fram kemur að í viðhengi hafi m.a. verið skjal sem nefnt er skilmálabreyting lánessamningsins.

Við úrlausn máls er m.a. til þess að líta, að staðhæfingar málsaðila um atvik hafa almennt ekki sönnunargildi fyrir dómi, nema um sé að ræða atriði sem honum er óhagstætt, sbr. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91, 1991 um meðferð einkamála. Við úrlausn um sönnun atvika verður því að taka afstöðu til þess hvort staðhæfingar aðilanna fái nægjanlega stoð í sönnunargögnum sem aflað hefur verið við rekstur þess.

Fyrirnefnd ákvæði í 9. gr. lánessamnings frá 13. október 2005 fjalla um skyldur lántaka gagnvart lánveitanda uns skuld er að fullu greidd. Hið sama segir í fyrirnefndu samkomulagi um skilmálabreytingu lánessamningsins, en í 3. gr. þess skjals, sem kemur í stað 9. gr., er ennfrekar kveðið á um skyldur lántakans. Síðastnefnda skjalið er dagsett 10. október 2007, á gjalddaga lánsins, en við flutning var ekki ágreiningur með aðilum um að áritunin hefði farið fram síðar. Vitnið Einar Þór Steindórsson, starfsmaður stefnanda, sem ritar undir skilmálabreytinguna ásamt fyrrum stjórnarmönnum hins stefnda félags, bar fyrir dómi að stefnda Magnúsi hafi verið fullkunnugt um áritun skilmálabreytingarinnar, enda sé þar kveðið á um að gjalddagi lánsins sé færður til um 12 mánuði, til 10. október 2008. Verður frásögn vitnisins að þessu leyti lögð til grundvallar, en hún þykir hafa stoð í eigin frásögn stefnda Magnúsar, en frekari stoð fær hún líka í öðrum gögnum, m.a. í röktum tölvupóstsamskiptum, t.d. dskj. nr. 32. Þá er til þess að líta að í 4. gr. skilmálabreytingarinnar segir, að ábyrgðaraðilinn, stefndi Magnús, undirriti ábyrgð sína samhliða undirritun hennar. Að þessu virtu og í ljósi frásagnar stefnda Magnúsar um að hann hafi haft fulla vitneskju um fjárhagsstöðu hins stefnda félags, þykir hann ekki hafa sýnt fram á, gegn andmælum stefnanda, að hann hafi gert það ljóst fyrir eða við undirritun á nefndri sjálfskuldarábyrgð, að hann hafi óskað eftir frekari upplýsingum um stöðu lánsins eða um önnur atriði varðandi efni lánessamningsins. Engin skilyrði eru heldur sett fyrir ábyrgðarveitingunni í yfirlýsingunni. Verður, að þessu virtu og andmælum stefnanda, að telja ósannað að stefndi Magnús hafi gert stefnanda ljóst að áritun hans á nefnt skjal hafi byggst á þeim forsendum sem hann heldur fram.

Þegar ofangreint er virt ásamt því að nefnd ákvæði 9. gr. lánessamnings og 3. gr. skilmálabreytingar fela samkvæmt orðanna hljóðan ekki í sér skyldur lánveitanda gagnvart ábyrgðaraðila eru að áliti dómsins ekki efni til að fallast á með stefnda Magnúsi að stefnandi hafi vanefnt ákvæði lánessamningsins gagnavart honum.

Stefndi Magnús byggir sýknukröfu sína á því að víkja beri yfirlýsingu hans um ábyrgð á efndum nefnds lánessamnings til hliðar á grundvelli ósanngirniss. Því til stuðnings vísar hann helst til aðstæðna við undirritun og þeirra atriða sem hér að framan var vikið að, en um lagarök vísar hann til ákvæða 36. gr. samningalaga nr. 7, 1936, með síðari breytingum.

Í nefndri 1. mgr. 36. gr. segir að samningi megi víkja til hliðar í heild eða að hluta eða breyta, ef það yrði talið ósannjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera

hann fyrir sig. Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skal við mat eftir 1. mgr. líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerð og atvika, sem síðar koma upp.

Samkvæmt því sem áður var rakið þekkti stefndi Magnús vel til bágrar fjárhagsstöðu hins stefnda félags, BOM fjárfestinga ehf., er hann ritaði undir margnefnda sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu. Liggur og fyrir að fáeinum vikum fyrir undirritunina hafði félag sem að langstærstum hluta var í hans eigu, en var skráð erlendis, keypt hið stefnda félag. Ábyrgðarveiting stefnda hafði samkvæmt þessu nokkurn aðdraganda, en einnig liggur fyrir að hann var í miklu sambandi við sérfróða ráðgjafa í öllum viðskiptum sínum við stefnanda. Að álit dómsins verður við úrlausn þessa álitaefnis heldur ekki horft framhjá þeirri áralöngu reynslu af viðskiptum sem hann hefur sjálfur lýst fyrir dómi.

Það er eðli sjálfskuldarábyrgðar, að hún skuli standa meðan skuldin er ógreidd eða þar til ábyrgðarmaður kann að verða leystur undan ábyrgð. Verður að telja fullljóst, m.a. í ljósi vættis fyrrum starfsmanns Landsbanka Íslands í Luxemburg, Halldórs Jónssonar lögmans, að stefndi Magnús hafi mátt gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem hann tókst á hendur með því að undirrita sjálfskuldarábyrgð (Guarantee). Þykir að þessu virtu ekki rök standa til þess að beita heimild í nefndri 36. gr. samningalaga nr. 7, 1936 til að víkja frá meginreglu íslensk réttar um skuldbindingargildi samninga.

Með vísan til röksemda hér að ofan, varðandi ákvæði 9. gr. lánessamnings, er það niðurstaða dómsins að ekki verði byggt á þeirri málsástæðu stefnda Magnúsar fyrir sýknukröfu sinni, að stefnandi hafi valdið stefnda fjárhagslegu tjóni með saknæmum hætti. Er í því efni að auki til þess að líta að öllum rekstri fylgir áhætta og gat stefndi ekki að álit dómsins vænst þess að hann væri áhættulaus.

Í máli þessu byggir stefndi Magnús á því að stefnandi hafi beitt hann miklum þrýstingi til að ábyrgjast umrætt lán, að stefnandi hafi fullvissað hann um eða lofað að aldrei kæmi til þess að reyna myndi á ábyrgðarskuldbindinguna og loks að stefnandi hafi rétt um að um einhvers konar málamyndagering væri að ræða.

Gegn andmælum stefnanda og að virtum framlögðum gögnum, vætti vitna og því sem hér að ofan er rakið, sbr. og ákvæði 50. gr. laga nr. 91, 1991, eru allar þessar staðhæfingar stefnda Magnúsar ósannaðar. Jafnframt þykja staðhæfingar stefnda Magnúsar, um að umræddir gerningar hans og ábyrgðaryfirlýsing hafi verið þáttur í heildrænni fjármunaaðgerð eða tengst reglum um yfirtökuskyldu, að álit dómsins ekki hafa stoð í framlögðum gögnum eða vætti vitna. Er málsástæðum stefnda með vísan til fyrrnefndra raka því hafnað svo og varakröfu hans um lækkun á stefnukröfum.

Samkvæmt öllu framansögðu og þar sem kröfum stefnanda er ekki andmælt tölulega eru þær teknar til greina.

Eftir þessum úrslitum verða stefndu dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað óskipt, sem telst hæfilega ákveðinn 900.000 krónur.

Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 115. gr. laga nr. 91, 1991, en dómsuppkvaðning tafðist nokkuð vegna embættisanna dómara, m.a. við árslok.

Dóm þennan kveður upp Ólafur Ólafsson, héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, BOM fjárfestingar ehf. greiði stefnanda, Straumi Burðarás fjárfestingabanka hf., 1.537.030.492 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38, 2001 frá 2. september 2008 til greiðsludags.

Stefndi, Magnús Þorsteinsson, greiði stefnanda, Straumi Burðarás fjárfestingabanka hf., óskipt með stefnda BOM fjárfestingum ehf. 930.000.000 króna ásamt 20% vöxtum frá 10. janúar 2008 til 11. september sama ár og dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38, 2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu, BOM fjárfestingar ehf. og Magnús Þorsteinsson, greiði stefnanda, Straumi Burðarás fjárfestingabanka hf., óskipt 900.000 krónur í málskostnað.